

Nd.

174. Frumvarp til laga

um menntun kennara.

Frá menntamálanefnd.

I. KAFLI

Um Kennaraskóla Íslands.

1. gr.

Kennaraskóli Íslands starfar í fjórum ársdeildum, eigi skemur en 8 mánuði á ári.

2. gr.

Markmið skólans er að búa nemendur undir:

1. kennarastarf í barna- og unglingskólum landsins;

2. uppeldisstörf félagslegs eðlis, svo sem við barna- og unglingaheimili, barnaleikvelli, fávítahæli, störf á vegum barnaverndarnefnda og annað þess konar;
3. framhaldsnám í kennaradeild við Háskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands, handíðakennaraskóla og hússtjórnarkennaraskóla.

3. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði í skólann:

1. að nemandi, sem tekinn er í fyrsta bekk, sé fullra 16 ára um næstu áramót og ári eldri fyrir hverja aðra deild;
2. að nemandi hafi engan næman kvilla eða sjúkdóm, sem öðrum geti að meini orðið eða gert hann sjálfan óhæfan til kennslustarfa;
3. að nemandi sé óspilltur að siðferði.

4. gr.

Rétt til inngöngu í fyrsta bekk veitir miðskólapróf bóknámsdeildar með þeirri lágmarkseinkunn, sem ákveðin er í reglugerð. Þeim, sem búa sig ekki undir almennt kennarapróf, heldur smábarnakennslu, kennslu í sérgreinum eða uppeldisstörf önnur en kennslu, veitir miðskólapróf verknámsdeildar einnig sama rétt með sams konar takmörkunum.

5. gr.

Í skólanum skal kenna þessar námsgreinar: Íslenzku og íslenzk fræði, eitt Norðurlandamál, ensku, stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði, náttúrufræði, heilsufræði, landafræði, sögu og félagsfræði, kristin fræði, uppeldisfræði, kennslufræði, kennsluæfingar, skrift, teiknun, handavinnu, íþróttir og söng. Nánari ákvæði um nám og námsgreinar setur fræðslumálastjórn í reglugerð.

6. gr.

Í hverjum bekk skal halda próf í lok hvers skólaárs, og er próf fjórða bekkjar almennt kennarapróf. Ljúka má námi í einstökum gagnfræðagreinum í öðrum eða þriðja bekk, enda skulu einkunnir í þeim greinum taldar á kennaraprófsskírteini.

7. gr.

Þeim, er búa sig eingöngu undir kennslu við smábarnaskóla, í sérgreinum eða undir það að taka að sér uppeldisstörf önnur en kennslu, er eigi skylt að stunda nám í öllum þeim greinum, er að framan hafa verið taldar. Fer um nám þeirra og réttindi eftir reglugerð, er fræðslumálastjórn setur. Sama máli gegnir um kennaranám stúdenta.

8. gr.

Með reglugerð, er fræðslumálastjórn setur, má ákveða, að kennarapróf í almennum námsgreinum, svo sem íslenzku og íslenzkum fræðum, ensku, Norðurlandamálum, kristnum fræðum og sögu hafi stúdentsprófsgildi. Skulu þeir, sem stúdentspróf þreyta að loknu kennaraprófi, ekki prófskyldir í þeim námsgreinum, er reglugerðin greinir. Einkunnir kennaraprófsins í þessum greinum skulu færðar á stúdentsprófsskírteini þeirra og reiknaðar í aðaleinkunn stúdentsprófsins.

9. gr.

Við skólann skulu vera 6 fastir kennarar hið fæsta auk skólastjóra. Skólastjóri ræður stundakennara eftir þörfum í samráði við fræðslumálastjórn.

II. KAFLI

Um kennaradeild við Háskóla Íslands.

10. gr.

Við Háskóla Íslands starfar kennaradeild. Hlutverk hennar er:

1. að veita barna- og unglíngakennurum framhaldsmenntun;
2. að búa þá, sem hafa lokið almennu kennaraprófi eða stúdentsprófi, undir kennslustörf við miðskóla og gagnfræðaskóla;
3. að annast rannsóknir og leiðbeiningar í þágu uppeldismála landsins, meðal annars um stöðuval.

11. gr.

Deildin starfar í nánú sambandi við Kennaraskóla Íslands og sérstaklega við æfinga- og tilraunaskólann. Hafa nemendur að ávísan kennara deildarinnar aðgang að þeim skóla til athugana og tilrauna. Þar fer einnig fram æfingakennsla og annar hagnýtur starfsundirbúningur á vegum deildarinnar.

12. gr.

Rétt til inngöngu í deildina hafa allir þeir, sem lokið hafa almennu kennara-prófi, svo og stúdentar til undirbúnings undir kennslustörf við skóla gagnfræðastigsins.

13. gr.

Barnakennurum, sem stunda framhaldsnám í deildinni, er skylt að leggja stund á uppeldis- og kennslufræði. Til prófs er krafizt þess þroska í þeim greinum, að þeir geti gert einfaldar rannsóknir á sitt eindæmi og dæmt sjálfstætt um niður-stöður. Auk þess er þeim heimilt að leggja stund á fleiri greinar.

Þeir nemendur deildarinnar, sem búa sig undir kennslustörf við skóla gagnfræðastigsins, skulu leggja stund á almenna sálarfræði, sálarfræði unglingsáranna og kennslufræði auk þeirra greina, er þeir ætla að öðlast réttindi til að kenna. Enn fremur skulu þeir stunda kennsluæfingar í gagnfræðaskóla.

Að öðru leyti fer um nám og próf og önnur störf deildarinnar eftir reglugerð, er háskólaráð lætur semja og fræðslumálastjórn staðfestir.

14. gr.

Deildinni skal skipaður forstöðumaður, og sé hann sérfræðingur í uppeldis- vísindum. Að öðru leyti sér háskólaráð og fræðslumálastjórn deildinni fyrir nauðsynlegum kennslukröftum að fengnum tillögum forstöðumanns.

III. KAFLI

Um Ípróttakennaraskóla Íslands.

15. gr.

Ípróttakennaraskóli Íslands er sjálfstæð ríkisstofnun og starfar að Laugarvatni eða annars staðar, ef hentara þykir.

16. gr.

Ípróttakennaraskólinn er eins árs skóli og starfar eigi skemur en 9 mánuði á ári. Enn fremur er heimilt að halda námsskeið í ýmsum ípróttum eftir þörfum.

17. gr.

Markmið skólans er að búa nemendur undir:

1. sérkennslu í ípróttum í barna- og gagnfræðaskólum, svo og öðrum skólum, sem reknir eru eða styrktir af almanna fé.
2. kennarastörf í ípróttum, einni grein þeirra eða fleiri, hjá félögum, stofnunum eða einstaklingum.

18. gr.

Aðalkennslugreinar skólans skulu vera: Íþróttir alls konar, líkams- og heilsufræði, íþróttasaga, íþróttakennslufræði og kennsluæfingar, svo og fræðsla um nauðsynleg áhöld og mannvirki til íþróttaiðkana. Um námsefni skal nánar ákveðið í reglugerð.

19. gr.

Inntökuskilyrði eru þessi:

1. að nemandi sé eigi yngri en 18 ára um næstu áramót;
2. að nemandi sé heilbrigður og vel hæfur til íþróttaiðkana;
3. að nemandi sé óspilltur að siðferði;
4. að nemandi hafi lokið miðskólaprófi eða hlotið hliðstæða menntun.

20. gr.

Til þess að öðlast íþróttakennararéttindi samkvæmt 1. tölulið 17. gr. skal nemandi hafa lokið prófi frá Íþróttakennaraskóla Íslands og almennu kennaraprófi. Í reglugerð skal setja ákvæði um námsefni og prófkröfur fyrir þá nemendur, sem öðlast vilja takmörkuð réttindi til íþróttakennslu samkvæmt 2. tölulið 17. gr.

21. gr.

Við íþróttakennaraskólann skal starfa einn fastur kennari hið minnsta auk skólustjóra. Skólustjóri ræður stundakennara í samráði við fræðslumálastjórn.

22. gr.

Þriggja manna skólanefnd hefur umsjón með skólanum. Í skólanefnd eiga sæti: Íþróttafulltrúi ríkisins og 2 menn, er fræðslumálastjórn skipar til fjögurra ára í senn. Skal annar þeirra vera skólustjóri Laugarvatnsskólans, meðan skólinn starfar þar.

23. gr.

Í reglugerð skólans setur fræðslumálastjórn nánari ákvæði um verksvið skólustjóra og skólanefndar.

IV. KAFLI

Um Handiðakennaraskóla Íslands.

24. gr.

Stofna skal og halda á kostnað ríkisins skóla til þess að veita menntun þeim, sem vilja gerast sérkennarar í handiðum við barnaskóla og skóla gagnfræðastigsins. Skólinn nefnist Handiðakennaraskóli Íslands. Skólinn veitir sérmenntun í hvers konar handavinnu karla og kvenna og teiknun. Hann á að fræða nemendur um uppeldisgildi þessara námsgreina og gefa þeim kost á æfingum í að kenna þær.

25. gr.

Þessi eru inntökuskilyrði í skólann:

1. að nemandi sé eigi yngri en 19 ára um næstu áramót;
2. að nemandi sé heilbrigður og vel hæfur til handiðanáms;
3. að nemandi sé óspilltur að siðferði;
4. að nemandi hafi lokið kennaraprófi eða hlotið hliðstæða menntun að dómi fræðslumálastjórnar.

26. gr.

Fastir nemendur skólans skulu njóta kennslu eigi skemur en 9 mánuði. Auk þess getur skólinn tekið við nemendum á skemmri námsskeið, annaðhvort til undirbúnings undir hið reglulega nám eða til viðbótarnáms á eftir því. Þá getur skólinn einnig haft námsskeið í einstökum greinum handiða.

27. gr.

Í reglugerð skal kveða nánar á um námsgreinar og námsefni. Þar skulu og settar reglur um viðbótarnám fyrir þá, sem vilja gerast sérkennarar í handiðum við skóla gagnfræðastigsins.

28. gr.

Við skólann skal starfa að minnsta kosti einn fastur kennari auk skólastjóra. Stundakennara ræður skólastjóri í samráði við fræðslumálastjórn. Launakjör skulu vera hin sömu og við Íþróttakennaraskóla Íslands.

29. gr.

Þangað til stofnaður er skóli sá, sem um ræðir í 24. gr., fer kennsla sú, sem honum er ætlað að inna af höndum, fram í kennaradeild Handiða- og myndlistar-skólans í Reykjavík. Ríkissjóður kostar þá deild að öllu leyti, meðan svo stendur.

V. KAFLI

Um hússtjórnarkennaraskóla.

30. gr.

Hússtjórnarkennaraskóli skal reistur í Reykjavík eða nágrenni hennar. Hann skal hafa aðstöðu til þess búreksturs, sem nauðsynlegur er náminu.

31. gr.

Heimavist skal vera fyrir þá nemendur, sem búa sig undir kennarastörf við húsmæðraskóla.

32. gr.

Markmið skólans er að búa nemendur undir:

1. hússtjórnarkennslu í húsmæðraskólum og skólum gagnfræðastigsins;
2. ráðskonustörf við heimavistarskóla og aðrar opinberar stofnanir.

33. gr.

Námstími þeirra, er ætla að verða húsmæðraskólakennarar, skal vera 2 ár hið minnsta, en 1 ár fyrir þá nemendur, er búa sig undir hússtjórnarkennslu í skólum um gagnfræðastigsins og ráðskonustörf.

Nánari ákvæði um námstíma skulu sett í reglugerð.

34. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði í skólann:

1. að nemandi sé eigi yngri en 21 árs fyrir næstu áramót;
2. að nemandi sé heilbrigður;
3. að nemandi sé óspilltur að siðferði.

35. gr.

Nemendur, sem búa sig undir kennslu við húsmæðraskóla eða gagnfræðaskóla, skulu áður hafa lokið kennaraprófi eða hlotið hliðstæða menntun að dómi fræðslumálastjórnar. Enn fremur skulu þeir hafa stundað fjögurra mánaða nám í húsmæðraskóla og unnið að minnsta kosti 12 mánuði samtals að heimilisstörfum í kaupstað eða sveit.

Þeir nemendur, sem búa sig undir ráðskonustörf, skulu auk skyldunáms hafa lokið prófi í húsmæðraskóla og unnið 12 mánuði hið minnsta við eldhússtörf í mat-söluhúsi, heimavistarskóla, sjúkrahúsi eða hliðstæðum stofnunum.

36. gr.

Þessar námsgreinar skulu kenndar í skólanum:

V e r k l e g a r : Matreiðsla, ræsting og þvottur, garðrækt, hirðing húsdýra og búsafurða, meðferð ungbarna og kennsluæfingar.

B ó k l e g a r : Manneldisfræði, efnis- og áhaldafræði og búreikningar.

Í reglugerð skal kveða nánar á um námsgreinar og námsefni. Þar skulu og settar reglur um próf og einkunnir.

37. gr.

Við skólann skal starfa að minnsta kosti einn fastakennari auk skólastjóra. Stundakennara ræður skólastjóri í samráði við fræðslumálastjórn.

38. gr.

Þriggja manna skólanefnd, kosin til fjögurra ára í senn, hefur umsjón með skólanum.

Skólanefnd skal þannig skipuð: Félag húsmæðrakennara tilnefnir einn, kvenfélagasamband Íslands annan, en fræðslumálastjórn hinn þriðja, og er hann formaður nefndarinnar.

39. gr.

Fræðslumálastjórn setur skólanefnd, skólastjóra og kennurum erindisbréf.

40. gr.

Heimilt er að halda námsskeið fyrir kennara í aðalkennslugreinum skólans, enn fremur fyrir fóstrur samkvæmt ákvæðum reglugerðar.

VI. KAFLI

Um réttindi kennara o. fl.

41. gr.

Sá, sem lokið hefur almennu kennaraprófi, hefur rétt til að kenna við barna- og unglingskóla.

42. gr.

Próf frá þeim stofnunum, sem veita kennurum framhaldsmenntun og taldar eru í II.—IV. kafla þessara laga, veitir þeim, sem því hafa lokið, rétt til starfs sem sérkennurum við barnaskóla. En það telst sérkennarastaða, ef hálfur starfstími kennarans eða meira er í sérgrein hans eða sérgreinum, og skal sérmenntaður kennari hafa forgöngurétt til slíkrar stöðu umfram kennara með almennu kennaraprófi.

43. gr.

Nú eru kenndar í barnaskólum fleiri sérgreinar en sérmenntun er hægt að fá í við stofnanir þær, sem um ræðir í 42. gr., og fer um réttindi sérkennara í þeim samkvæmt ákvörðun fræðslumálastjórnar í hvert sinn, nema sérstök lög verði um það sett. Þó skal þess gætt, svo sem tók eru á, að kröfur um almenna og sérstaka menntun þessara kennara séu eigi minni en gert er ráð fyrir í lögum þessum.

44. gr.

Um réttindi almennra kennara og sérkennara við skóla gagnfræðastigsins fer eftir samsvarandi reglum og við barnaskóla. Þó skulu gerðar til þeirra meiri menntunarkröfur, eftir því sem fært er á hverjum tíma.

45. gr.

Fræðslumálastjórn hefur á hendi yfirumsjón þeirra skóla, er um getur í lögum um þessum. Kostnaður við rekstur þeirra greiðist úr ríkissjóði.

46. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 50 1943, um Kennaraskóla Íslands, lög nr. 12 1942, um Íþróttakennaraskóla Íslands, svo og önnur ákvæði, er koma í bág við þau.

Greinargerð.

Frv. þetta er samið af millipinganefnd í skólamálum, sem var skipuð af þáverandi menntamálaráðherra 30. júní 1943 „til þess að rannsaka kennslu- og uppeldismál þjóðarinnar og gera tillögur um skipun þeirra“. Menntamálanefnd flytur frv. að beiðni hæstv. menntamálaráðherra. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til frv.

Frá millipinganefnd í skólamálum fylgdi frv. eftirfarandi greinargerð:

Menntun kennara hefur verið allmikið rædd hér á landi undanfarinn áratug. Hafa þar komið fram ýmis sjónarmið, sem skylt er að gera nokkur skil í þessari greinargerð. — Einhverjir munu ef til vill halda því fram, að mál þetta væri útrætt og afgreitt, þar eð lög voru um það sett fyrir tæpum tveimur árum og ógerningur væri að hringla með það frekar. Þau lög voru skynsamleg og til mikilla bóta. Þó verður ekki hjá því komizt að taka málið fyrir að nýju, jafnframt því sem samdar eru tillögur um fræðslulöggjöfina í heild. Fyrirkomulag kennaranámsins hlýtur ávallt að verða einn af höfuðþáttum fræðslukerfisins. Ef ekki er séð vel fyrir þeim þætti, getur allt annað brostið.

Kennaranámi má hugsa sér fyrir komið með ýmsu móti, t. d. 1) háskólanámi að afloknu almennu stúdentsprófi; 2) háskólanámi að afloknu stúdentsprófi úr kennaramenntaskóla; 3) kennaraskólanámi eingöngu; 4) kennaraskólanámi og bundnu eða frjálsu framhaldsnámi.

Áður en rætt er um, hvert fyrirkomulagið muni heppilegast, þykir rétt að gera nokkra grein fyrir þeim undirbúningi, sem barna- (og unglínga-) kennurum er nauðsynlegur til starfs síns. Sá undirbúningur á að álitu nefndarinnar að vera aðallega fólgin í þessu: 1) góðri almennri menntun, 2) mikilli þjálfun í meðferð móðurmáls; 3) sérþekkingu í uppeldis- og kennslufræðum; 4) ástundun kennsluæfinga.

Með „góðri almennri menntun“ er átt við alltrausta undirstöðuþekkingu í þeim greinum, sem lögð er stund á í almennum skólum, eins og t. d. barna- og unglíngaskólum. Má þar nefna sérstaklega bóklegar greinar eins og reikning, sögu (einkum Íslandssögu), náttúrufræði, landafræði, kristin fræði, að ógleymdri íslenzku, sem rætt verður um síðar; enn fremur verklegar greinar (eða hæði verklegar og bóklegar) eins og handavinnu, skrift, leikfimi, teiknun og söng. Kunnátta í mörgum almennum greinum er kennurum einkar nauðsynleg, ekki sízt hér á landi, vegna þess að víða hagar svo til, að ekki starfar nema einn eða tveir kennarar við sama skóla. Ef kennarar væru ekki færir um að veita einhverja tilsögn í flestum eða öllum þessara greina, mundi það leiða til þess, að börnin færu á mis við að læra margt, sem þeim er hin mesta þörf á að læra. — En þar sem svo margt er krafizt af kennurunum, er ekki jafnframt hægt að krefjast mjög rækilegs náms í hverri grein.

Þegar í framhaldsskóla kemur, fer kennurum að verða meiri þörf á sérþekkingu í kennslugreinum sínum, og því er gert ráð fyrir í frv., að námi þeirra verði hagað á aðra lund.

Sérstöðu meðal almennra námsgreina hlýtur móðurmálið að hafa, ekki einungis vegna þess, að það er höfuðkennslugrein barnaskóla, heldur og af þeim ástæðum, að því er kennslan í öllum öðrum greinum háð. Hverjum kennara þarf að vera meðferð þess töm, orðin verða að vera honum tiltæk til að færa hugsun sína í ljósan og einfaldan búning. Þá er honum brýn nauðsyn á því að kunna að beita rödd sinni á þann veg, að orð hans nái eyrum og athygli þeirra, er á eiga að

hlýða. Móðurmálsnámi kennara verður því að gefa miklu meiri gaum en móðurmálsnámi í öðrum skólum.

Í skýrslu ensku nefndarinnar, sem fjallaði um kennaramenntunina, er greinargerð fyrir þeirri fræðslu í uppeldisfræðum (Principles of Education), sem hvert kennaraefni ætti að hljóta að dómi nefndarinnar. Virðist það nám engu síður geta átt við hér í öllum aðalatriðum. Greinargerðin er á þessa leið:

„Sú námsgrein, sem er venjulega nefnd uppeldisfræði, felur í sér mörg viðfangsefni. Markmið slíks náms er að gera nemandanum ljóst, hvað það er, sem uppeldið kemur til leiðar, og jafnframt að kenna honum að meta sögulegt og félagslegt gildi þess. Þetta er höfuðnámsgrein, af því að hún stuðlar að því að gera menn að kennurum, og af því að það, sem við er fengizt í kennslu, er mannvera, en ekki dauður hlutur.

Nauðsynlegur þáttur úr uppeldisfræðanámi er þroskasaga barnsins bæði líkamleg og andleg, svo og athugun á þroskastigum einstakra barna. Kennarar þurfa stundum að kenna stálpuðum börnum lífeðlisfræði, en þótt svo væri ekki, væri þeim engu að síður nauðsynleg nokkur undirstöðuþekking í þeirri grein, því að sérhver kennari þarf að láta sér ann t um vöxt og þrif nemenda sinna. Í þessum skilningi verður líkamsuppeldi og lífeðlisfræði að vera skyldunám fyrir öll kennaraefni. Sama máli gegnir um sálarfræði, þó að það sé grein, sem er auðvelt að taka röngum tókum. Þekking á andlegum vexti og atferði barna er lífsnauðsyn fyrir kennara, en námið í kennaraskóla verður að vera nátengt persónulegri reynslu og athugun á börnum, og það á því að fara fram í sambandi við starf í æfingaskólum. Það er mjög æskilegt, að ungir kennarar hafi nokkra kynningu af sjónarmiðum nútímasálarfræði, jafnvel þótt sú kynning nái ekki lengra en að þeim sé ljóst, að námstregða barna og slæm hegðun geti verið runnin af sálfræðilegum rötum og þurfi því að vera athuguð af kunnáttufólki í þessum efnum. Þegar slíkir sérfræðingar eru fengnir til skólanna, er mikils um það vert og til góðs fyrir börnin, að kennarar kunni að meta starf þeirra og taki þeim sem starfsbræðrum. Aldur og reynsla kennaranemanna og sá tími, sem þeir hafa til umráða til námsins, hlýtur óhjákvæmilega að sníða stakk þeirri kennslu, sem hægt er að láta þeim í té. — Hvorki lífeðlisfræði né sálarfræði ætti að stunda sem væru það háskólagreinar, og ekki ætti heldur á þær að líta sem einkaeign sérfræðinga í kennaraliðinu.

.....
Flairi greinar ætti einnig að telja til uppeldisfræðanna. Það ætti t. d. að kynna nemendum kenningar mestu uppeldisfrömuða liðinna tíma, þótt þeir geti ekki á þessu stigi lagt rækilega stund á rit þeirra. Þetta er mjög æskilegt, svo að nemendur megi finna, að þeim sé trúað fyrir miklum menningararfi, og að starfsgrein þeirra hafi átt á að skipa ýmsum hinna mestu andans manna í sögu mannkynsins um 2 þúsund ára skeið. Sú virðing, sem störfum í þágu uppeldismála er sýnd í þessu landi, er ekki eingöngu komin undir því, hvert álit aðrir hafa á því, hvernig kennarar leysa þessi störf af hendi, heldur einnig undir því, hvernig kennarar sjálfir meta starfsgrein sína. Kennarar ættu einnig að hafa nokkra yfirlitsþekkingu um uppeldiskerfi og þó sérstaklega sögu uppeldisins í landi sínu, jafnframt því sem þeir ættu að kunna glögg skil á því hlutverki, sem skóli þeirra hefur innan heildarkerfisins. Í þessu felst einnig vitneskja um vald og skyldur miðstjórna og héraðsstjórna fræðslumálanna og þann þátt, sem sjálfbóðaliðar hafa átt í þróun þessara mála. Grundvöllinn að þessari þekkingu má leggja í kennaraskóla. Alveg sérstaklega ætti að gefa kennurum kost á að kynnast kennslu í þessu landi af eiginni raun á námsárunum, svo að þeir geti skoðað hana í ljósi þess náms, sem þeir stunda í uppeldisfræðum.

Til uppeldisfræðanámsins verður að teljast nauðsyn þess, að kennurum lærist að gera sér grein fyrir þeim uppeldisskilyrðum, sem börnin eiga að búa við á heim-

ilunum og hvar afskipti félagsverndarinnar (social services) eiga að hefjast. Á námsárunum má temja nemendunum nákvæma athugun á lífskjörum og öllum aðstæðum heimilanna, það mun síðar verða kennurunum hvatning til að kynna sér hagfræðileg vandamál, er verða óhjákvæmilega á vegi þeirra, er þeir hefja störf í skólum landsins. Hvetja ætti kennaraefni til að taka virkan þátt í uppeldis og félagsmála störfum utan skólans, eins og nú tíðkast við marga kennaraskóla. Á þann hátt vaknar áhugi á opinberum málum og jafnframt á því að verða góður þegn í þjóðfélagi sínu. Vér teljum þegnskap hugarfars og hátternisvenju, sem lærist engu síður af fordæmum en beinni kennslu. Þekking er nauðsynleg, en hún hrekkur ekki til. Þegnskapur er reistur á sandi, ef hann skortir siðferðilega ihugun og ríka skyldutilfinningu. Kennsla í uppeldisfræðum, sem túlkuð er af göfugu hugarfari, mun veita kennurum kennaraskólanna ríkulegt tækifæri til að innræta og útskýra skyldur þjóðfélagsþegnanna og búa kennaraefnin undir að gera slíkt hið sama, þegar til þeirra kasta kemur, einkum þó í æðri skólum og æskulýðsháskólum, en vér teljum, að þetta ætti ekki að kenna sem sérstaka námsgrein, er hverjum nemandi beri að leggja stund á.

.....
Það væri herfilegur misskilningur að líta á starfsmenntunina sem atvinnunám í þröngum skilningi. Skynsamlega hugsað nám í uppeldisfræðum hefur í för með sér mikla persónulega menntun fyrir þann, sem það stundar. Það á þátt í að skapa menntaða menn, er taki að sér störf í skólunum. Af þessum ástæðum mælum vér með því, að framhaldsnám verði á boðstólum í sérhverri grein kennaramenntunarinnar fyrir alla þá, er geta gert sér gagn með slíku námi.

.....
Það uppeldisfræðanám, sem lýst hefur verið hér að framan, felur í sér viðtækt nám í listinni að kenna, en þjálfun í þeirri list næst ekki nema með ástundun kennsluæfinga. Ein af ástæðunum til þess, að vér leggjum til, að kennaranámið verði þriggja ára nám,¹⁾ er sú, að kennaraefnin hljóti betri æfingu og fjölbættari kynningu af skólastarfinu. áður en reynsluárið (year of teaching on probation) hefst.“ Board of Education: Teachers and Youth Leaders (London 1944), bls. 67—69.

Hér að framan hefur því verið lýst, í hverju kennaranám ætti að vera fólgið. Nú er á það að líta, hvernig því verður bezt fyrir komið. Verða þær leiðir, er áður voru nefndar, ræddar hver um sig.

1. Háskólanám að afloknu stúdentsprófi.

Með þessu móti yrði vel séð fyrir góðri almennri menntun í bóklegum greinum. Þó er hætt við, að islenskunámið verði síður með því sniði, sem kennurum hentar bezt. Miklum tíma yrði varið til náms, sem kennurum væri ekki bein þörf á. Verklegt nám yrði óhjákvæmilega útundan. Segja má, að það mætti bæta upp í háskóla. Mundi það þá lengja háskólanámið, auk þess sem nemandur mundi ófúsari að leggja sig fram við það, er þangað kæmi. Háskólanámið tæki tvö ár hið minnsta, og gæti þó ekki talizt, að vel væri séð fyrir sérnáminu á þeim tíma. — Ef svo miklar kröfur yrðu gerðar til kennara um undirbúning, er óneitanlega hætta á því, að ekki fáist nægt kennaralið að skólunum. Jafnvel þótt kennarar hafi nú fengið miklar launabætur, þá er aðbúnaður og starfsskilyrði öll víða svo bágborin, að kennslustörf verða ekki alls staðar keppikefli. — Þó að ekki væri öðru til að dreifa en lengd námsins, getur nefndin ekki lagt til að svo stöddu, að þessi tilhögun verði höfð á námi kennara.

2. Háskólanám að afloknu stúdentsprófi úr kennaramenntaskóla.

Þessi tilhögun hefur þann kost fram yfir þá, sem rædd er hér að framan, að á menntaskólaárunum yrði varið tíma til sérnáms kennara, og því þegar í

1) Hér er gert ráð fyrir, að öllu gagnfræðanámi sé lokið, áður en kennaranámið hefst. Þessum þremur árum á því eingöngu að verja til sérnámsins.

upphafi höfð hliðsjón af því markmiði, sem fram undan er. En vafasamt er, að mikinn tíma sé hægt að taka frá hinu almenna menntaskólanámi, ef það á eigi að bíða tjón við það. Þeim mun minna gagn yrði af sérnámi kennara sem minni tíma yrði varið til þess. Er tvisýna á, að þetta tvennt sé hægt að sameina, svo að vel fari. Kennaranámið er undirbúningur undir vandasama starfsgrein, og þeirri starfsgrein er mestur greiði gerður með því, að þeim undirbúningi sé hagað í samræmi við þær kröfur, sem hún gerir til starfsmanna sinna. Kennarastarfið krefst fjölbættrar kunnáttu og skilnings. Undirbúnings-tímanum verður því að verja vel og skynsamlega, til þess að allt náist, sem þarf að nást, og eyða honum ekki til annarlegra hluta, þótt gagnlegir séu á öðrum vettvangi.

Á þessu fyrirkomulagi er einnig sami hængur og hinu fyrra, að námið verður langt. Að vísu er það mjög æskilegt að geta ætlað kennurum langan námstíma, en það er varla á það hættandi að svo stöddu að taka svo stór stökk í einu, að skylda alla kennara til háskólanáms. — Nefndin hefur því ekki lagt til, að þetta fyrirkomulag verði haft á námi kennara.

3. Kennaraskóli hefur þann höfuðkost, að hægt er að miða námið við það markmið, sem framundan er, en hins vegar er allt of lítið að gera ráð fyrir kennaraskóla sem æðstu stofnun kennaramenntunarinnar.
4. Nefndin leggur því mjög ríka áherzlu á, að kennarar, sem hafa lokið prófi úr kennaraskóla, eigi kost á framhaldsnámi við háskólann. Æskilegast hefði verið, að þeir stunduðu allir slíkt framhaldsnám. Og nefndin telur, að stefna beri að því marki, því fyrr sem því er náð því betur. En eins og að framan getur, telur hún það ekki tímabært að skylda þá alla til þess að svo stöddu.

Þörfin á annarri menntastofnun til handa kennarastéttinni en 4 vetra kennaraskóla er studd margvíslegum rökum. 4 vetra kennaraskóli getur ekki veitt nemendum sínum nema næsta takmörkuð skilyrði til að leggja stund á hugðarefni sín, því að hann verður að gera þá kröfu til þeirra, að þeir nemi margt á tiltölulega skömmum tíma. Hann fær því ekki svalað menntaþrá þeirra, sem eiga hana í verulegum mæli. T. d. getur þekking á uppeldisfræðum aldrei orðið sá þáttur í menntun kennara, sem hún á að verða, ef treysta á eingöngu á kennaraskóla. Þar er ekki hægt að gefa þeim kost á að gera sjálfstæðar atvaganir, svo að neinu nemi, vegna anna við námið.

Kennarar hafa einnig sýnt það, sennilega flestum stéttum fremur, að þeir vilja nokkuð á sig leggja til að efla menntun sína. Þeir finna vel, að þeim er mikil nauðsyn á því. Það væri illt og óviturlegt, ef þeim væru eigi búin skilyrði til þess. — Þess má og geta, að flestar eða allar hinar helztu menningarþjóðir hafa fyrir löngu komið sér upp stofnunum í þessu skyni.

Ef ekki er séð vel fyrir menntun kennara, eru allar tilraunir til endurbóta í skólamálum tvisýnar, starf skólanna er algerlega komið undir hæfni þeirra.

— — —
Að öðru leyti fylgir greinargerð einstökum þáttum og greinum frumvarpsins.

I. KAFLI

1. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

2. gr.

Grein þessi þarfnast lítilla skýringa, nema helzt önnur málsgrein. Hin síðari ár hefur dagheimilum, barnaleikvöllum og öðrum félagslegum uppeldisstofnunum fjölgað mjög, og allar líkur benda til, að þeim eigi eftir að fjölga stórum enn. Til þess að slíkar stofnanir nái tilgangi sínum, verður að vera vól á fólki, sem

hefur kunnáttu til að starfa við þær og skilning á hlutverki þeirra. Virðist eðlilegt, að kennaraskólanum verði falið að annast starfsmenntun þessa fólks. Hefur nefndin fulla vitneskju um, að þetta er mjög aðkallandi mál.

3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

4. gr.

Ekki þótti nauðsynlegt að krefjast bóknámsdeildarprófs undir smábarnakennslu eða uppeldisstörf félagslegs eðlis, þar eð greinar verknámsdeildar mundu ef til vill eigi síður geta komið að haldi hér. — Hins vegar verður eigi hjá því komizt að krefjast prófs úr bóknámsdeild undir hið almenna kennaranám.

5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

7. gr.

Smábarnakennsla og þau uppeldisstörf, sem hér er um að ræða, krefjast ekki kunnáttu í eins mörgum fræðigreinum og kennslustörf við barna- og unglingaskóla. Þykir því eigi rétt að heimta slíkt nám af þeim, er þau störf ætla að stunda.

8. gr.

Þetta ákvæði er sett til að gera kennaraskólamönnum greiðari leiðina að stúdentsprófi. Þykir sýnt, að tryggja megi það, að þeir hljóti hliðstæða fræðslu og stúdentar í þeim greinum, sem hér eru taldar, og því ástæðulaust að viðurkenna það ekki. — Gert er ráð fyrir því, að stúdentar þurfi að bæta við sig eins vetrar námi til þess að öðlast kennararéttindi. Væri þá sambærilegt, að kennaraskólamaenn gætu lokið stúdentsprófi eftir eins vetrar nám í menntaskóla.

Nú er því svo háttáð, að kennaraskólamönnum er gerð leiðin til stúdentsprófs nærri ófær. Hefur það hróplega ranglæti valdið megnri gremju meðal kennara, og væri vel, að úr því yrði bætt.

9. gr.

Þarfnast engra skýringa.

II. KAFLI

Nefndinni er ljóst, að það, sem hér er lagt til, muni geta valdið ágreiningi, þar sem gert er ráð fyrir deild við Háskólann að ýmsu leyti annars eðlis en þær deildir, sem fyrir eru. Í fyrsta lagi er ekki ætlað til, að almennt stúdentspróf verði gert að inntökuskilyrði, og í öðru lagi, að ekki verði lögð stund á eina fræðigrein til þeirrar hlítar, að sambærilegt sé við kandidatspróf úr öðrum deildum.

Í rauninni er hægt að hugsa sér þessa deild sem sjálfstæða stofnun, en ýms mikilsverð rök hniga að því, að hún skuli tengd Háskólanum. Ætla má, að með því yrði náminu sett hærra mark. Þá yrði einnig hægt að hagnýta betur þá kennslukrafta og húsakost, sem Háskólinn hefur á að skipa. Kennarar heimspekideildar mundu kenna íslenzku og íslenzk fræði, kennarar verkfræðideildar stærðfræði og kennarar guðfræðideildar kristin fræði. Sömu leiðis mundi kennsla sú, sem látin er í té í erlendum málum, koma hér að fullu gagni. Allt ætti þetta að geta orðið ríkinu að kostnaðarlitlu.

Háskólanum mundi vera ánægja að því að taka slíkt hlutverk að sér og gildi hans vaxa við það.

Í þessu sambandi skal þess getið, að helmingur ensku nefndarinnar, sem fjallaði um kennaramenntunina, lagði fram tillögur um það, að ekki einungis fram-

haldsnám kennara, heldur öll kennaramenntun væri lögð undir háskólana. Háskólunum var ætlað að stofna sérstakar kennaradeildir. Í þeim hluta nefndarinnar, sem þetta lagði til, voru m. a. tveir hinna allra fremstu skólafrömuða Englendinga, þeir Sir Fred Clarke, forstöðumaður uppeldisfræðideildar Lundúnaháskóla, og P. M. Morris, yfirmaður allrar fræðslustarfsemi í brezka hernum (Director-General of Army Education). Skulu rakin hér nokkur helztu atriði úr greinargerð þeirra í lauslegri þýðingu:

„Af þessum staðreyndum drögum vér þá ályktun, að háskólarnir ættu að taka að sér nýtt ábyrgðarhlutverk, kennaramenntunina, og ættu í því skyni að koma upp kennaradeildum (University Schools of Education) Vér leggjum ríka áherzlu á það, að vér erum hér ekki að leggja fram tillögur um mál, sem vér teljum skipta tiltölulega litlu fyrir háskólana. Fjarri fer því. Tillögur vorar krefjast mikils af þeim, m. a. ríkari skilnings á skyldum þeirra gagnvart uppeldismálum Tillögur vorar gera ráð fyrir, að nám kennara, sem eru stúdentar (university graduates) og þeirra, sem eru það ekki, lúti sömu yfirstjórn, þ. e. kennaradeilda háskólanna (Univ. Sch. of Education), og þær gera ráð fyrir stofnunum, sem geta séð kennurum alls skólakerfisins fyrir hæfilegri menntun. Vér vísum á bug þeirri skoðun, sem stundum skýtur upp kollinum, að háskólarnir eigi aðeins að hafa afskipti af menntun framhaldsskólakennara. Slíkar tillögur eru hvorki æskilegar né framkvæmanlegar. Þær eru ekki æskilegar, vegna þess að kennarar yngri barna þurfa að vera vel menntaðir. Það uppeldi og sú fræðsla, sem börnin fá í barnaskóla, hefur djúp og rík áhrif á allan námsferil þeirra síðar. Að öðru leyti væri það einnig til mikils tjóns fyrir uppeldismál þjóðarinnar, ef kljúfa ætti kennarastéttina í tvær fylkingar, einmitt þegar verið er að samræma skólakerfið. Þær eru óframkvæmanlegar, vegna þess að margir kennaranemar ákveða það ekki fyrr en síðast á námstímanum, við hvaða tegund skóla þeir ætli að starfa. Og það er mjög skynsamlegt af þeim. Enn fremur ættu kennarar að skiptast nokkuð á um að kenna í barna- og framhaldsskólum. Kennaradeild við háskóla, eins og vér hugsum oss hana, mundi efla og auðga þær deildir háskólans, sem fást við lífeðlisfræði, sálarfræði og þjóðfélagsfræði, og ekki sízt ef barnakennararnir sæktu þangað. .

Tillögur vorar fela það á engan hátt í sér, að allir kennarar eigi að vera stúdentar. Vér erum sannfærðir um, að margur góður starfsmaður mundi glatast stéttinni, ef slíkar kröfur yrðu gerðar.“¹⁾

10. gr.

Það, sem greinin felur í sér, hefur verið skýrt hér á undan, að því undanteknu, að hér er talað um leiðbeiningar um stöðuval, en það mál hefur legið fyrir Alþingi áður, og þykir því ekki ástæða til að fjölýrða um það hér.

11. gr.

Samanber greinargerð með frv. til laga um æfinga og tilraunaskóla.

12. gr.

Samanber hina almennu greinargerð.

13. gr.

Ákvæðin um námið þykir rétt að hafa rúm í lögunum, þar eð hér er um nýmæli að ræða. Verður reynslan að skera úr um nánari tilhögun þess. Þó þykir rétt að kveða svo á, að allir kennaradeildarmenn stundi framhaldsnám í uppeldisfræðum.

1) Board of Education: Teachers and Youth Leaders, bls. 50—51.

Námskröfurnar, sem gerðar eru til kennara við skóla gagnfræðastigsins, eru í samræmi við það, sem lagt er til í frv. til laga um gagnfræðanám.

14. gr.

Þarfnast engra skýringa.

III. KAFLI

Sú stofnun, sem rætt er um hér, er til og starfar að Laugarvatni, eins og kunnugt er. Aðalbreytingin, sem frumvarp þetta felur í sér, er sú, að almennt kennarapróf er auk ípróttakennaraprófsins gert að skilyrði til að öðlast sérkennararéttindi í ípróttum við skóla landsins. Liggja til þess ýmis rök. Það er einróma álit nefndarinnar, að stefna beri að því, að uppeldismenntun kennara, sérstaklega við barnaskóla og skóla gagnfræðastigsins, sé sem bezt, hver svo sem kennslugrein þeirra er. Hlutverk ípróttakennara er ekki eingöngu fólgið í því að kenna tiltekna líkamshreyfingar, heldur er það jafnframt uppeldishlutverk. Á það eigi síður við um þá en ýmsa aðra kennara. Riður því á, að skilningur þeirra á nemendunum og undirstöðuatriðum allrar kennslu og starfsemi skólans í heild sé góður.

Þá hagar víða svo til hér á landi, að eigi er nægilegt verkefni fyrir einn ípróttakennara við skóla, er þá gott fyrir þann kennara að geta jafnframt tekið að sér aðra kennslu. Það er einnig talið æskilegt frá öðru sjónarmiði, að ípróttakennari kenni ekki eingöngu sérgrein sína. Einhæf kennsla er þreytandi, og það er því örvun og hressing í því að geta unnið fjölbreyttara starf.

Nefndin telur ekki ósanngjarnt að gera kröfur um nokkuru lengra nám til ípróttakennara en almennra kennara, þar sem þeir fá jafnframt viðtækari réttindi. Almenna kennaraprófið veitir þeim sömu réttindi og almennum kennurum, en að ípróttakennaraprófinu loknu standa þeir að öðru jöfnu mun betur að vígi um að fá fastar stöður.

Um önnur atriði þessa kafla telur nefndin eigi ástæðu að fjölyrða.

IV. KAFLI

Þörf hefur lengi verið á handiðakennaraskóla, en sú þörf verður að brýnni nauðsyn, ef frumvörp nefndarinnar um barnafræðslu og þó einkum um gagnfræðanám ná samþykki þingsins. Þar er gert ráð fyrir mjög auknu verknámi. Sú löggjöf yrði ekki annað en dauður bókstafur, ef ekki yrði jafnframt séð fyrir sæmlega menntuðum kennurum í verklegum greinum.

Að vísu er starfandi deild við Handiðaskólann, sem sinnir þessu hlutverki að nokkuru leyti, og hefur hún komið í mjög góðar þarfir, en hér eftir verður ekki komið af með annað en stofnun, sem sinnir eingöngu þessu mikilvæga verkefni. Enn er t. d. kennurum í handavinnu stúlkna ekki séð fyrir neinum sérstökum undirbúningi undir starf sitt.

Verknámsdeildirnar eru mesta nýjung og sennilega einhver mesta nauðsyn, sem frumvörp nefndarinnar gera ráð fyrir. Með þeim er stefnt að því að hefja verklega menningu þjóðarinnar á hærra stig. Skiptir því miklu máli, að vel takist um framkvæmdina.

Um inntökuskilyrðin vísast til greinargerðarinnar við III. kafla frumvarpsins.

V. KAFLI

Skólamálanefnd telur það eðlilegt og sjálfsagt, að hússtjórnarkennaraskóli verði einn áfanginn í kennaramenntun landsins og standi í sambandi við Kennaraskóla Íslands og aðrir sérgreina kennaraskólar, svo sem Ípróttakennaraskóli Íslands.

Þörfin á þessu er auðsæ, er tekið er tillit til húsmæðraskólanna, sem rísa hver af öðrum í sveitum og kaupstöðum landsins, enda hefur húsmæðrakennaraskóli þegar starfað í 3 ár.

30. og 31. gr.

Nauðsynlegt er, að hússtjórnarkennaraskóli sé heimavistarskóli fyrir þá nemendur, sem húa sig undir það að kenna við húsmæðraskóla eða veita þeim forstöðu, því að þessir skólar verða að miklu leyti heimavistarskólar. Af sömu ástæðu er og nauðsynlegt að hafa nokkurn búrekstur í sambandi við skólann, enda þarf að kenna þar garðrækt og hirðingu húsdýra og húsafurða. Skólinn verður enn fremur að vera heimangönguskóli fyrir nokkurn hluta nemendanna, og virðist því sjálfsagt, að hann sé reistur í Reykjavík eða nágrenni hennar og standi í allnánu sambandi við Kennaraskóla Íslands og við vöggustofu, svo þarf hann einnig að eiga vól ágættra stundakennara og fyrirlestra frá Háskólanum.

32. og 33. gr.

Rétt er að gera ráð fyrir, að í skólanum stundi nám — auk kennaraefna í húsmæðraskólum — þær konur, sem ætla að taka að sér ráðskonustörf við ýmsar opinberar stofnanir, svo sem heimavistarskóla, sjúkrahús og barnahæli. Skortur er mikill á menntuðum konum til að standa fyrir matreiðslu á slíkum stöðum, en það liggur í augum uppi að nokkurs sérstaks náms muni vera hér þörf til þess að allrar hollustu sé gætt, ekki sízt í mataræði barna og sjúklinga.

34. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

35. gr.

Um undirbúningsnám gildir hið sama og um aðrar sérgreinar, að kennarapróf er talið nauðsynlegt fyrir þá, er ætla að leggja fyrir sig kennslu. En undirbúningur undir verklega námið telst ekki mega vera minni en gert er ráð fyrir í frumvarpinu og nauðsynlegt, að nemendur þekki nokkuð til heimilisstarfa bæði í sveit og kaupstað.

36. gr.

Námsgreinar eru í samræmi við það, sem nemendur eiga síðar að kenna sjálfir við húsmæðraskólana.

37. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

38. gr.

Undanfarin landsþing Kvenfélagasambands Íslands hafa gert eindregna kröfu til þess, að skólanefnd, skipuð konum, sé sett við hússtjórnarkennaraskólann. Við Kennaraskóla Íslands er að visu ekki skólanefnd, heldur stendur hann beint undir fræðslumálastjórn, en þar sem um sérgreinar er að ræða, svo sem hússtjórn og íþróttir, sýnist ekki óeðlilegt, að sérfróðir menn séu fræðslumálastjórn til aðstoðar. Með þetta fyrir augum er í frumvarpinu gert ráð fyrir skólanefnd og ákveðinni skipun hennar.

39. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

40. gr.

Gert er ráð fyrir, að við Kennaraskóla Íslands verði hægt að stunda nám, til þess síðan að taka að sér fóstrustörf við barna- og dagheimili landsins. Einn hluti þessa náms er matreiðsla handa börnum og næringarefnafræði. Þennan hluta kennslunnar verður hússtjórnarkennaraskólinn augsýnilega að taka að sér, og er gert ráð fyrir því í þessari grein frumvarpsins.

VI. KAFLI

Í þessum kafla er kveðið nánar á um réttindi þau, er prófin veita, frá þeim stofnunum, sem annast uppræðslu kennara. Enn fremur hefur hann að geyma ýmis ákvæði, sem eiga sameiginlega við um allar þessar stofnanir. Er hér eigi þörf sérstakra skýringa.